

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshéraðs nr. 799/2013.

1. gr.

1. mgr. 28. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku og ákveður á fyrsta fundi sínum fundar-daga og fundartíma bæjarráðs fyrir kjörtímabilið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

a) 2. mgr. 47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar fastanefndir til að fara með tiltekin mál samkvæmt erindisbréfum og því sem lög mæla fyrir um. Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar:

1. Þrjú bæjarfulltrúa í bæjarráð.
2. Þrjú fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og þrjú til vara í félagsmálanefnd.
3. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í fræðslunefnd. Fljótsdals-hreppur skipar tvo fulltrúa í fræðslunefnd og tvo til vara, með málfrelsi og tillögurétt, sem sitja skulu fundi nefndarinnar þegar fjallað er sérstaklega um málefni deildar Egilsstaða-skóla á Hallormsstað.
4. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í atvinnu- og menningar-nefnd.
5. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í umhverfis- og framkvæmdanefnd.
6. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í íþrótt- og tómsbundanefnd.
7. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í jafnréttisnefnd.
8. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í náttúruverndarnefnd.

b) Tölulíður 1 í 3. mgr. 47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fimm fulltrúa og fimm til vara í stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. Af aðalfulltrúum skal minnst vera einn bæjarfulltrúi.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 15. júlí 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.